

ákveðast 30 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Málum þessum visast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Gísli Þorbjarnarson greiði stefnda Eggert Jónssyni 30 kr. í ómaksbætur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 69/1918:

Kristinn P. Briem  
 gegn  
 Árna J. Hafstað  
 og Jóni Jónssyni.

D ó m u r .

Áfrýjandi Kristinn P. Briem, kaupmaður á Sauðárkróki, höfðaði mál þetta sem eigandi jarðarinnar Grænhóls í Skarðshreppi fyrir landamerkjadómi Skaga-fjarðarsýslu, með stefnu útgefinni 17. júlí 1917, gegn stefnda Árna J. Hafstað sjálfseignarbónda í Vík

i Staðahreppi og Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum, eiganda jarðarinnar Glæsibær í Staðahreppi, útaf ágreiningi um landamerki milli Grænhóls og Víkur, en merki þessi koma að því leyti Glæsibæ við, að sú jörð hefir sameiginlegt beitiland við Vík. Með dómi landamerkjadómsins uppkveðnum 26. ágúst 1918 var málinu vísað frá landamerkjadómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefndu 50 kr í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 3. des. 1918 og krafist þess að dómnum verði hrundið og málinu vísað heim til dómsálagningar að efni til og að sér verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísun málsins byggir landmerkjadómurinn á því, að málið hafi verið útkljáð með gjörðardómi gegnum 21. ágúst 1916. Höfðu málsaðilar með samningi dags 20. ágúst 1916 komið sér saman um að leggja ágreining þann, er milli þeirra var um landamerkin milli Grænhóls og Víkur, undir gjörð þriggja manna, og kváðu gjörðarmenn upp úrskurð sinn um málið de. i síðar, 21. ágúst 1916. Áfrýjandi taldi sig eigi bundinn við úrskurð gjörðarmannanna og höfðaði því málið fyrir landamerkjadóminum. Eins og málið liggur fyrir verður það nú eigi rannsakað hvort mótbárur áfrýjanda gegn gildi gjörðarinnar hafa við

rök að styðjast, en hann hafði rétt til þess að leggja spurninguna um landamerkin og jafnframt um gildi gjörðarinnar, undir landamerkjadóm og fá dóm hans um þau. Niðurstaða landamerkjadómsins, sú að hann vísar málinu frá sér vegna gjörðarinnar, er því eigi lögum samkvæm, og það því síður sem dómariinn þegar í réttarhaldi 10. sept. 1917, áður en landamerkjadómurinn var skipaður, með úrskurði hafði hrundið kröfu stefnda um að málinu, vegna þess að það áður væri útkljáð með gjörðardóminum 21. ágúst 1916, væri vísað frá dómi, en þeim úrskurði hefir eigi verið hrundið af æðra rétti.

Samkvæmt framansögðu verður því að ómerkja hinn áfrýjaði dóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegrri meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndu, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, greiði áfrýjanda 50 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrri meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristni P. Briem 50 kr innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.